



Sveitarfélagið  
**ÁRBORG**

Fjölskyldusvið

Selfossi, 27. desember 2022

1405353

### Sveitarfélögin

Ásahreppur,  
Rangárþing ytra,  
Rangárþing eystra,  
Mýrdalshreppur,  
Skaftárhreppur,  
Bláskógabyggð,  
Hrunamannahreppur,  
Grímsnes- og Grafningshreppur,  
Skeiða- og Gnúpverjahreppur,  
Flóahreppur,  
Ölfus,  
Hveragerðisbær

### **Efni: Uppsögn á þjónustusamningi um Sérdeild Suðurlands, Setrið**

Þjónustusamningi um Sérdeild Suðurlands, dags. 20. maí 2014, milli Sveitarfélagsins Árborgar annars vegar og sunnlenskra sveitarfélaga sem hafa staðið saman um Félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu og Skóla- og velferðarþjónustu Árneshrepps, er hér með sagt upp.

Faghópur frá Sveitarfélaginu Árborg hefur fjallað um erindi mennta- og barnamálaráðuneytis, dags. 22. nóvember 2022. Hópurinn skoðaði jafnframt úrskurð í stjórnáskilum nr. MMR20089157 og skyldur sveitarfélaga í nýlegum lögum um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna (86/2021). Niðurstaða hópsins var á þá leið að leggja til við fræslunefnd Árborgar að segja upp gildandi þjónustusamningi v/Sérdeildar Suðurlands. Það var svo gert á 6. fundi fræðslunefndar Árborgar miðvikudaginn 21. desember 2022. Eftirfarandi var bókað og samþykkt samhljóða:

#### *2. 2211398 - Reglur um innritun og útskrift nemenda vegna sérdeildar Suðurlands - möguleg afturköllun staðfestingar*

*Með vísan í svarbréf sviðsstjóra fjölskyldusviðs til mennta- og barnamálaráðuneytis, dags. 13. desember 2022, leggur sviðsstjóri til að þjónustusamningi vegna Sérdeildar Suðurlands, Seturs, við sveitarfélög á Suðurlandi verði sagt upp. Unnið verði að gerð nýrra reglna fyrir Setrið, sem tækju gildi frá og með byrjun næsta skólaárs. Reglurnar verði unnar af sviðsstjóra fjölskyldusviðs, skólastjóra Sunnlækjarskóla, deildarstjóra Seturs og deildarstjóra skólaþjónustu. Jafnframt verði fleiri starfsmenn kallaðir til ef þurfa þykir.*

Eftir áramót hefst vinna við það að semja nýjar reglur fyrir sérdeildina. Jafnframt verður leitast við að tryggja þjónustu við þá nemendur sérdeildar sem eiga lögheimili utan Sveitarfélagsins Árborgar og að allir samstarfsaðilar sinni ábyrgðarskyldu sinni, þar með talið skólaþjónustu og málstjórn. Nú sem fyrr munu sérfræðingar sérdeildar taka virkan þátt í nemendateymum. Í allri þessari vinnu verður tekið mið af þeim skyldum sem mælt er fyrir um í lögum um grunnskóla (91/2008) þegar börn sækja skóla í sérdeild eða sérúrræði. Einnig verður tekið mið af reglugerð um nemendur með sérþarfir í grunnskóla (585/2010), lögum um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna (86/2021), Menntastefnu til 2030 og menntastefnu Árborgar en nú er unnið að endurskoðun hennar.



Sveitarfélagið  
**ÁRBORG**

Fjölskyldusvið

Þegar nýjar reglur um sérdeild Árborgar, Setrið, líta dagsins ljós verða þær sendar til umsagnar hjá mennta- og barnamálaráðuneytinu en stefnt er að því að nýtt skipulag taki gildi 1. ágúst 2023. Fyrir þann tíma þarf að gera samkomulag við lögheimilissveitarfélög þeirra nemenda sem búa utan Sveitarfélagsins Árborgar þar sem meðal annars verður tekið fullt tillit til gildandi laga og reglugerða frá mennta- og barnamálaráðuneyti. Þar komi skýrt fram hverjar skyldur lögheimilissveitarfélags verði gagnvart faglegri ábyrgð heimaskóla og félagsþjónustu viðkomandi sveitarfélags. Alltaf verði unnið út frá nýlegum lögum um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna (86/2021) þar sem meðal annars er kveðið á um hlutverk málsstjóra í viðkomandi sveitarfélagi í að leiða stuðningsteymi nemenda er stunda nám í sérdeildinni.

Virðingarfyllt Sveitarfélagið



  
Þorsteinn Hjartarson  
sviðsstjóri

Samrit sent til Félags- og skólþjónustu Rangárvalla og Vestur-Skaftafellssýslu